

Nd. 104. Frumvarp til laga [102. mál]
um skógvernd og skógrækt.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

I. KAFLI

Markmið, skýrgreiningar og yfirstjórn.

1. gr.

Markmið laga þessara er að stuðla að því:

1. að skóglendi verði verndað, aukið og bætt,
2. að nýir skógar verði ræktaðir þar sem það er talið hagkvæmt,
3. að frætt verði og leiðbeint um meðferð og ræktun skóga, skjólbelta og annars trjágróðurs.

2. gr.

Skóglendi telst samkvæmt lögum þessum land sem að mestu eða öllu leyti er vaxið trjágróðri, náttúrulegum eða ræktuðum, skógi eða kjarri.

Skógarjörð telst samkvæmt lögum þessum jörð eða jarðarhluti þar sem skógur er ræktaður á 25 ha lands eða meira.

Nytjaskógur telst samkvæmt lögum þessum skógur að nánar tilteknu lágmarksflatarmáli sem ræktaður er til búdrýginda og framleiðslu skógarafurða.

Skjólbelti teljast samkvæmt lögum þessum röð eða raðir af trjám og runnum sem ræktaðar eru til þess að draga úr vindhraða á nálægum svæðum.

Skógarlundur telst samkvæmt lögum þessum land þar sem skógur er ræktaður á 3–25 ha lands.

Löggirðing: Girðing sem gerð er samkvæmt ákvæðum girðingarlaga.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn skógræktarmála.

II. KAFLI

Skógrækt ríkisins.

4. gr.

Skógrækt ríkisins annast framkvæmd þessara laga og hefur eftirlit með því, fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins, að þeim sé fylgt.

Skógrækt ríkisins annast rekstur skóglenda, gróðrarstöðva, skógarjarða í eigu ríkisins og leigulanda samkvæmt sérstökum samningum.

Skógrækt ríkisins annast rannsóknir á sviði skógræktar og hefur samvinnu um þær við aðrar rannsóknarstofnanir eftir því sem um er samið eða lög ákveða.

Skógrækt ríkisins annast leiðbeiningar og fræðslu um skógvernd og skógrækt.

5. gr.

Forseti Íslands skipar skógræktarstjóra úr hópi fastra starfsmanna Skógræktar ríkisins. Skipun skógræktarstjóra gildir til sex ára í senn.

Skógræktarstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í skógrækt. Hann fer með daglega stjórn Skógræktar ríkisins.

6. gr.

Ráðherra skipar sérmenntaða starfsmenn Skógræktar ríkisins að fengnum tillögum skógræktarstjóra. Þeir skulu hafa lokið háskólaprófi eða prófi frá skógtækniskóla.

Verkefni starfsmanna skal tilgreina með erindisbréfi.

Skógræktarstjóri ræður annað starfslíð Skógræktar ríkisins.

III. KAFLI

Skógvernd og friðun.

7. gr.

Á land það, sem Skógrækt ríkisins hefur til friðunar og skógræktar, má ekki beita búfé. Skógræktarstjóra er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ef sérstakar ástæður mæla með.

8. gr.

Liggi alfaravegur um friðuð skóglendi skulu vegfarendur loka þeim hliðum sem á girðingum eru svo að öruggt sé að þau opnast ekki af sjálfu sér. Týni vegfarendur búfé í skógargirðingum skulu þeir skyldir til að koma því út úr girðingunni svo fljótt sem unnt er.

Komist búfé inn í skógargirðingu utan heimalands jarða er ráðherra heimilt, samkvæmt tilmælum skógræktarstjóra, að fyrirskipa að þau sveitarfélög, sem líklegast er að eigi búfé innan skógargirðinga, annist smölun og fjallskil innan þeirra á sinn kostnað.

9. gr.

Um girðingar um skóglendi og hlið á þeim fer eftir ákvæðum girðingarlaga nr. 10 25. mars 1965.

10. gr.

Komist búfé inn á skógræktarsvæði sem girt er löggirðingu má umsjónarmaður svæðisins taka það í gæslu og láta merkja það. Skal hann tafarlaust tilkynna hreppstjóra hverjir séu eigendur búfjárins og hvernig það sé merkt. Hreppstjóri skal gera eigendum eða umsjónarmönnum boð ef búfé þeirra er tekið í gæslu og gefa þeim kost á að vitja þess innan ákveðins tíma. Sé búfjárins ekki vitjað ákveður hreppstjóri hvar því skuli sleppt.

Komist sama búfé aftur inn á skógræktarsvæðið án þess að snjóalögum verði um kennt getur umsjónarmaður svæðisins tekið það í sína vörslu og gert kröfu um að eigendur greiði kostnað af smölun, svo og uslagjald samkvæmt mati tveggja manna er hreppstjóri tilnefnir. Hafi eigendur búpeningsins ekki sinnt þessu innan tveggja sólarhringa getur umsjónarmaður krafist þess að fénaðurinn verði seldur á opinberu uppboði. Uppboðsandvirði, að frádregnu uslagjaldi, smölun og öðrum kostnaði, greiðir hreppstjóri búfjáreiganda.

Nú verða óvenjuleg snjóalög svo að hætta er á að löggirðingu fenni í kaf. Getur þá umsjónarmaður girðingarinnar tilkynnt búfjáreigendum í nágrenni hennar á hvaða svæði girðingin sé ótrygg vörn og ber þá búfjáreigendum að hafa gætur á gripum sínum og halda þeim frá þessum svæðum uns girðing telst gripheld á ný. Á sama hátt ber búfjáreigendum að gera skógareiganda eða umboðsmanni hans aðvart ef þeir verða þess varir að skógargirðing sé ótrygg vörn.

11. gr.

Skógræktarstjóra er heimilt að banna alla beit í skóglendum utan heimalanda frá 1. nóvember til 1. júní ár hvert.

Hagi svo til að gripahús standi í skóglendi eða við jaðra þess þá er eiganda þeirra eða notanda skylt að girða í hæfilegri fjarlægð frá húsunum svo að búpeningur komist ekki í skóglendið á tímabilinu 1. nóvember til 1. júní.

12. gr.

Nú er yfirvofandi hætta á að skóglendi eyðist og alger friðun þess er nauðsynleg að mati skógræktarstjóra en eigendur eða notendur landsins treystast ekki til að standa straum af friðun þess. Skógræktarstjóra er þá heimilt, með samþykki ráðherra, að kosta girðingu um landið gegn því að eigendur eða notendur ábyrgist um ákveðið árabil umsjón og viðhald girðingar, svo og friðun fyrir ágangi búfjár. Gera skal sérstakan samning um slíka friðun lands.

Takist ekki samningar um friðun landsins samkvæmt framansögðu getur Skógrækt ríkisins tekið skóglendið til fullrar umsjár og friðunar í 20 ár eða lengur ef þörf krefur. Við afhendingu landsins aftur til landeiganda ber að meta til verðs friðunarárangur þann sem orðið hefur og ber landeiganda að greiða matsverð til Skógræktar ríkisins. Skirrist landeigandi við því er Skógrækt ríkisins heimilt að taka hluta af skóglendinu sem greiðslu, allt eftir mati dómkvaddra manna.

Alþingi heimilar fé í þessu skyni með sérstakri fjárveitingu enda liggi fyrir Alþingi tillögur skógræktarstjóra um friðun ásamt kostnaðaráætlun.

IV. KAFLI

Meðferð skóglendis.

13. gr.

Skylt er eiganda eða notanda skóglendis að takmarka svo notkun þess að það rýrni hvorki að stærð né gæðum. Bannað er að leggja eld í skóglendi og aldrei má brenna sinu svo nærri skóglendi að hætta sé á að eldur geti borist þangað.

Hlífa skal nýgræðingi trjágróðurs.

14. gr.

Skóg má ekki höggva nema fyrir liggja samþykki Skógræktar ríkisins. Rækta skal nýjan skóg í stað hins höggna.

15. gr.

Gróðurverndarnefndir skv. l. nr. 17/1965 skulu senda Skógrækt ríkisins skýrslu um ástand og meðferð skóglendis í viðkomandi sýslu þyki þeim ástæða til eða sé um hana beðið af skógræktarstjóra.

16. gr.

Hreppstjórar og starfsmenn Skógræktar ríkisins skulu, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með því hvort farið sé eftir ákvæðum og fyrirmælum um verndun og friðun skóglendis og hvort brotið sé gegn ákvæðum laga þessara og þeim reglugerðum sem settar kunna að verða um meðferð skóglendis samkvæmt lögum þessum. Þeir skulu, jafnskjótt og þeir verða slíks varir, gera skógræktarstjóra grein fyrir málinu.

17. gr.

Þar sem landeyðing og skógeyðing fara saman á stórum svæðum skulu Langræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins hafa samvinnu um friðunaraðgerðir.

V. KAFLI

Ræktun nytjaskóga á bújörðum.

18. gr.

Í þeim héruðum landsins, þar sem skógræktarskilyrði eru vænleg, styrkir ríkissjóður ræktun nytjaskóga á bújörðum, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni og nánar greinir í ákvæðum þessa kafla, enda verði skógræktin þáttur í búskap bænda eða jarðeigenda.

19. gr.

Styrkur skv. 18. gr. má nema allt að 80 af hundraði stofnkostnaðar við undirbúning skógræktarlandsins, þ.m.t. girðingar og vegagerð, plöntur og gróðursetning.

Styrk má því aðeins veita að fullnægt sé eftirtöldum atriðum:

- a. Skógrækt ríkisins hafi gert sérfræðilega athugun á skógræktarskilyrðum í viðkomandi sýslu, hluta hennar eða fleiri sýslum saman og skógræktarstjóri staðfest skógræktaráætlun fyrir þau lönd er til greina koma. Áður en skógræktarstjóri staðfestir áætlun skal afla umsagnar viðkomandi búnaðarsambands og samþykkis jarðanefndar, sveitarstjórnar og Skipulags ríkisins vegna ráðstöfunar lands til ræktunar nytjaskóga samkvæmt skógræktaráætlun.
- b. Að fyrir liggja samningur milli Skógræktar ríkisins og viðkomandi bónda og landeiganda, ef hann er annar en ábúandi, staðfestur af landbúnaðarráðuneytinu. Í þeim samningi skal m.a. kveðið á um stærð og mörk skógræktarlandsins, framkvæmdir, skiptingu stofnkostnaðar og meðferð landsins.

Samningi samkvæmt b-lið þessarar greinar skal þinglýsa sem kvöð á viðkomandi jörð áður en styrkur er greiddur.

20. gr.

Um girðingar um nytjaskóga fer eftir ákvæðum girðingarlaga nr. 10 25. mars 1965. Um meðferð nytjaskóga skal fara eftir ákvæðum III. kafla laga þessara.

Vanefni landeigandi eða umráðamaður landsins skyldur sínar samkvæmt samningi, sbr. b-lið 19. gr., er Skógrækt ríkisins heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað landeiganda. Greiði landeigandi ekki slíkan kostnað má taka hann lögtaki.

Komi til vanefnda á samningi skv. b-lið 19. gr. af hálfu Skógræktar ríkisins, er landeiganda eða umráðamanni lands heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað Skógræktar ríkisins.

21. gr.

Óheimilt er landeiganda eða ábúanda, án samþykkis Skógræktar ríkisins, að leigja eða heimila öðrum afnot af landi sem ráðstafað hefur verið til skógræktar með samningi samkvæmt 19. gr., nema viðkomandi jörð sé leigð til ábúðar samkvæmt ábúðarlögum nr. 64 31. maí 1976.

Um mat á framkvæmdum, sem ábúandi á leigujörð gerir vegna ræktunar nytjaskóga, skal fara eftir 16. gr. ábúðarlaga nr. 64 31. maí 1976 en styrkur samkvæmt þessum kafla skal þó jafnan koma til frádráttar ásamt verðbótum.

Telji landeigandi að ræktun nytjaskógar hafi mistekist getur hann óskað eftir að samningur skv. b-lið 19. gr. verði felldur úr gildi. Fallist Skógrækt ríkisins á að ræktunin hafi mistekist er henni heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðuneytisins, að fella samninginn úr gildi enda endurgreiði landeigandi $\frac{1}{5}$ af matsverði girðinga. Aðrar umbætur, sem orðið hafa á landinu, falli jörðinni til. Heimilt er að skjóta synjun Skógræktar ríkisins til landbúnaðarráðherra. Náist ekki samkomulag um endurkröfuna er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

22. gr.

Ef um ítrekaðar vanefndir landeiganda eða ábúanda á samningi skv. b-lið 19. gr. er að ræða eða brotið er gegn ákvæðum þessara laga um meðferð skógræktarlandsins er Skógrækt ríkisins heimilt annað tveggja:

- a. að endurkrefja landeiganda um hinn upphaflega styrk ásamt verðbótum samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar. Skal hinn endurkrafni styrkur greiddur eins og bætur skv. b-lið;
- b. að taka skógræktarlandið í sína vörslu tímabundið, þó ekki lengur en 8 ár, og halda framkvæmdum áfram eftir samningi skv. b-lið 19. gr. Á meðan landið er þannig í vörslu Skógræktar ríkisins fellur allur arður af skóginum til hennar án þess að leiga komi fyrir landið. Endurgreiði landeigandi eða ábúandi áfallinn kostnað vegna vanefndanna og geri full skil á sínum hlut eftir samningi, skv. b-lið 19. gr., tekur hann við landinu með þeim réttindum og skyldum sem kveðið er á um í samningi, skv. b-lið 19. gr. Líði átta ár frá því að landið var tekið í vörslu Skógræktar ríkisins, án þess að landeigandi eða ábúandi hafi bætt úr vanefndum, er Skógrækt ríkisins heimilt að leysa til sín skógræktarlandið að fengnum meðmælum viðkomandi sveitarstjórnar, jarðanefndar, stjórnar Búnaðarfélags Íslands og samþykki landbúnaðarráðherra, enda teljist það nauðsynlegt til að tryggja þann árangur sem náðst hefur í ræktun nytjaskóga á landinu. Náist ekki samkomulag um verð á hinu innleysta landi skal um mat fara eftir 2. mgr. 23. gr. en bæturnar skulu greiddar með jöfnum, árlegum greiðslum á næstu fjórum árum og skal fyrsta greiðsla innt af hendi innan þriggja mánaða frá því að innlausn er leyfð. Greiða skal sömu vexti og verðbætur á bætur frá innlausnardegi til greiðsludags og Stofnlánadeild landbúnaðarins reiknar af lánum til jarðakaupa hverju sinni.

23. gr.

Við aðilaskipti að réttindum yfir landi, sem hefur verið ráðstafað til skógræktar með samningi skv. 19. gr., fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu á uppboði, þar með talin útlagning til veðhafa, búskipti, félags- og sameignarslit og fyrirframgreiðslu arfs, skal Skógrækt ríkisins eiga forkaupsrétt að landinu eða hluta þess næst á eftir lögboðnum forkaupsréttarhöfum skv. 21. gr. jarðalaga nr. 65 31. maí 1976. Skógrækt ríkisins öðlast þó ekki forkaupsrétt þegar jarðeigandi ráðstafar jörðinni í heild enda taki viðkomandi jörðina til ábúðar og fullra nytja.

Neyti Skógrækt ríkisins forkaupsréttar síns skal kaupverðið miðað við verð á sambærilegu landi án skógræktar, að viðbættum verðmætisauka vegna skógræktarinnar en að frádregnum styrk samkvæmt þessum kafla, ásamt verðbótum miðað við byggingarvísitölu. Náist ekki samkomulag um kaupverð er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna og gildir það þá sem söluverð.

Skógrækt ríkisins er heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að selja skógræktarland, sem hún hefur eignast skv. b-lið 22. gr. og 1. mgr. 23. gr., eiganda viðkomandi jarðar til ræktunar nytjaskóga.

24. gr.

Skógrækt ríkisins hefur yfirumsjón með ræktun nytjaskóga sem stofnað er til samkvæmt lögum þessum.

Nefnd þriggja manna skal vera Skógrækt ríkisins til aðstoðar við undirbúning og framkvæmd skógræktaráætlunar skv. a-lið 19. gr. Skal nefndin skipuð fulltrúum Skógræktar ríkisins, viðkomandi búnaðarsambands og skógræktarfélags enda sé félagið aðili að Skógræktarfélagi Íslands. Fulltrúi Skógræktar ríkisins skal vera formaður nefndarinnar.

Starfi fleiri en eitt aðildarfélag Skógræktarfélags Íslands á því svæði sem skógræktaráætlunin tekur til skulu félögin sameiginlega tilnefna fulltrúa í nefndina. Sama gildir um búnaðarsamböndin.

25. gr.

Skógrækt ríkisins skal, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, gera tillögu til fjárveitingavaldsins um framlög til skógræktaráætlana (skógarbúskapar) og lætur fylgja þeim tillögum rökstudda greinargerð ásamt framkvæmdaáætlun. Alþingi skiptir því fé, sem veitt er hverju sinni, til verkefna samkvæmt staðfestum áætlunum.

VI. KAFLI

Ræktun skjólbelta og skógarlunda.

26. gr.

Skógrækt ríkisins er heimilt, umfram það sem 18. gr. ákveður, að styrkja einstaklinga og félagasamtök til skógræktar, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, enda njóti viðkomandi ekki styrks til slíks samkvæmt öðrum lögum.

27. gr.

Styrkur greiðist aðeins á framkvæmdir á landi sem telst vel fallið til skógræktar að mati skógræktarstjóra og viðkomandi starfsmanns Skógræktar ríkisins og er minnst 3 ha innan girðingar.

28. gr.

Styrk er heimilt að greiða til ræktunar skógarlunda, skjólbelta og til friðunar og ræktunar lands undir skóg.

29. gr.

Styrkur má nema allt að 75% kostnaðar við trjáplöntukaup og 50% kostnaðar við girðingar vegna ræktunarinnar.

30. gr.

Skógrækt ríkisins setur reglur um vörslu og hirðu svæða sem styrks njóta samkvæmt framanskráðu og ber öllum sem hlut eiga að máli að hlíta þeim.

VII. KAFLI

Sala og skipting skógarjarða og skóglendis.

31. gr.

Skógarjarðir má ekki selja án vitundar Skógræktar ríkisins. Skal hún hafa forkaupsrétt að skógarjörðum, að frágengnum þeim sem forkaupsrétt hafa samkvæmt jarðalögum nr. 65/1976.

32. gr.

Skóglendi má ekki hluta í sundur, skipta upp í lóðir eða á annan hátt. Þau má ekki taka undir mannvirki, svo sem sumarhús, veitulagnir, vegi o.þ.h., nema með leyfi ráðherra, að fenginni umsögn skógræktarstjóra.

VIII. KAFLI

Skógræktarfélag Íslands.

33. gr.

Skógræktarfélag Íslands er viðurkennt sem samband skógræktarféлага í landinu.

34. gr.

Styrkur sá, sem veittur er í fjárlögum til skógræktarféлага, er bundinn því skilyrði að þau séu deildir í Skógræktarfélagi Íslands.

35. gr.

Ráðherra úthlutar styrknum að fengnum tillögum skógræktarstjóra og formanns Skógræktarfélags Íslands.

36. gr.

Ríkissjóði er heimilt að greiða laun og ferðakostnað vegna sérfróðs starfsmanns í skógrækt sem Skógræktarfélag Íslands kann að ráða til fræðslu og ráðgjafarstarfs í skógvernd og skógrækt á vegum félagsins.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

IX. KAFLI

Sektir, málsmeðferð o.fl.

37. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs og fer um mál út af þeim brotum að hætti opinberra mála.

38. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 3/1955, 22/1966 og 76/1984.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lög um skógrækt eru frá 6. mars 1955. Með lögum nr. 22 16. apríl 1966 var settur viðauki við þau lög sem kvað á um skjólbeltaræktun og styrki til hennar. Með lögum nr. 76 30. maí 1984 var lögunum frá 1955 síðan breytt þannig að bætt var við nýjum kafla með ákvæðum um ræktun nytjaskóga á bújörðum.

Markmið þessa frumvarps er einkum að fella saman framangreinda þrjá lagabálka um skógrækt og skógvernd í ein lög, auk breytinga á gildandi löggjöf. Langt er um liðið síðan lög um skógrækt voru samþykkt og hafa breyttar aðstæður leitt af sér nokkur nýmæli og breytingar eins og rakið er í athugasemdum um einstakar greinar frumvarpsins. Árið 1979 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að endurskoða lög nr. 3/1955, um skógrækt. Sú nefnd vann um tíma að endurskoðun laganna en lauk ekki störfum. Síðan var endurskoðunin tekin upp að nýju og unnið að verkinu í samráði við starfsmenn Skógræktar ríkisins og er þetta frumvarp, sem nú sér dagsins ljós, árangur af þeirri samvinnu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Um markmið, skýrgreiningar og yfirstjórn.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um markmið laganna og er sama efnis og 1. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að Skógrækt ríkisins er ekki nefnd í texta enda eru ákvæði um Skógrækt ríkisins í sérstökum kafla frumvarpsins, sbr. II. kafla.

Um 2. gr.

Greinin er nýmæli í lögum um skógrækt og þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

II. KAFLI

Um Skógrækt ríkisins.

Um 4. gr.

Efni greinarinnar er upptalning á verkefnum Skógræktar ríkisins sem eru skilgreind betur en í gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að Skógrækt ríkisins hafi með höndum rannsóknir á sviði skógræktarmála í samvinnu við aðra aðila er stunda rannsóknir í þágu atvinnuveganna og er það nýmæli frá því sem gildandi lög kveða á um.

Um 5. gr.

Greinin er nýmæli að því leyti að gert er ráð fyrir að skógræktarstjóri sé skipaður tímabundið til sex ára í senn úr hópi fastra starfsmanna Skógræktar ríkisins.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir því nýmæli að við Skógrækt ríkisins starfi sérmenntaðir starfsmenn er hafi tilskilda lágmarksmenntun, háskólapróf eða próf frá skógtækniskóla. Gert er ráð fyrir að sérmenntaðir starfsmenn Skógræktar ríkisins hafi með höndum eftirlit um meðferð skóga á ákveðnum afmörkuðum svæðum landsins og skulu verkefni þeirra tilgreind í erindisbréfi.

III. KAFLI

Um skógvernd og friðun.

Kaflinn þessi svarar efnislega mest til III. kafla nágildandi laga en efnið er þó sett fram með talsvert öðrum hætti en í gildandi lögum.

Um 7. gr.

Greinin svarar til 14. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir að skógræktarstjóri hafi einn heimild til að veita undanþágu frá banni fyrsta málsliðar og er það breyting frá því sem nú gildir.

Um 8. gr.

Greinin er sama efnis og 15. gr. nágildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin vísar til ákvæða girðingarlaga nr. 10 25. mars 1965, en skv. 1. gr. þeirra laga eru girðingar sex strengja gaddavírgirðingar, 1,10 m að hæð frá jafnsléttu og ekki lengra milli jarðfastra stuðla (stólpa) hennar en fjórir metrar, eða girðing er jafngildi henni að vörslunotum, þ.m.t. skurðir með þremur eða fleiri gaddavírsstrengjum.

Um 10. gr.

Efni greinarinnar svarar til 17. gr. gildandi laga en hér er þó um að ræða mun einfaldari ákvæði í framkvæmd en eru í nágildandi lögum. Hér er lagt til að heimilt verði að selja það búfé á uppboði sem fer inn á girt skógræktarsvæði a.m.k. í tvígang, vitji eigandi þess ekki og greiði hann smölunarkostnað og uslagjald. Samkvæmt eldra ákvæði þurfti búfé að gera enn frekari usla í skógræktarsvæði áður en umsjónarmaður gat krafist uppboðssölu.

Um 11. gr.

Í fyrri málsgrein greinarinnar felst heimild til handa skógræktarstjóra til að banna alla beit í skóglendum utan heimalanda á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní ár hvert og er ákvæðið hliðstætt 1. másl. 8. gr. gildandi laga. Önnur málsgrein hefur hins vegar að geyma nýmæli sem tekur til þeirrar sérstöðu þegar gripahús eru í eða við skóglendi og er þá eiganda eða notanda gripahússins skylt að hindra með girðingu að búfé komist í skóglendið á nefndu tímabili.

Um 12. gr.

Greinin svarar efnislega til 21. gr. gildandi laga. Þó er nú gert ráð fyrir að heimild til friðunaraðgerða, vegna yfirvofandi hættu á að skóglendi eyðist, verði hjá skógræktarstjóra, að fengnu samþykki ráðherra, í stað ráðherra áður, sbr. 1. mgr.

IV. KAFLI

Um meðferð skóglendis.

Efni IV. kafla svarar til efnis II. kafla nágildandi laga.

Um 13. gr.

Greinin er nýmæli og þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Efni þessarar greinar er mun fortakslausara en svipuð ákvæði eldri laga. Skýlaust bann er við skógarhöggi án samþykkis Skógræktar ríkisins. Þá er ótvírætt skilyrði sett um að rækta skuli skóg í stað þess sem höggvinn er og er það nýmæli.

Alpt. 1986. A. (109. löggjafarþing).

54

Um 15. gr.

Greinin er nýmæli, sem gerir ráð fyrir að gróðurverndarnefndir geti haft frumkvæði um sérfræðilegt mat á ástandi og meðferð skóglendis, jafnframt því sem skógræktarstjóri getur leitað til nefndanna og óskað eftir skýrslu til Skógræktar ríkisins um ástand skóglendis og meðferð þess.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Er sama efnis og 24. gr. gildandi laga.

Um 17. gr.

Greinin er nýmæli og gerir ráð fyrir samvinnu Landgræðslu ríkisins, sbr. lög nr. 17/1965, og Skógræktar ríkisins um friðunardagerðir þegar svo háttar að saman fara landeyðing og skógeyðing á stórum svæðum.

V. KAFLI

Um ræktun nytjaskóga á bújörðum.

Efni kaflans svarar til 3. gr. laga nr. 76 30. maí 1984, um breytingu á lögum nr. 3 1955, um skógrækt, en með þeirri grein var nýjum kafla „Um ræktun nytjaskóga á bújörðum“ bætt við lög nr. 3/1955.

VI. KAFLI

Um ræktun skjólbelta og skógarlunda.

Um efni þessa kafla eru ákvæði í lögum nr. 22 16. apríl 1966 um viðauka við lög nr. 3/1955, um skógrækt. Í þessum kafla er þó gert ráð fyrir talsverðum breytingum á stuðningi við skógrækt.

Auk stuðnings samkvæmt þessum kafla er að finna ákvæði um framlög til skjólbelta-ræktunar í 10. gr. jarðræktarlaga nr. 79/1972, sbr. lög nr. 71/1985, um breyting á þeim lögum, og reglugerð um jarðrækt nr. 344/1985.

Um 26. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að Skógrækt ríkisins hafi með höndum styrkveitingar til einstaklinga og félagasamtaka til skógræktar og hafi til þess fé á fjárlögum. Það skilyrði er sett í greininni að viðkomandi styrkþegi njóti ekki styrks skv. öðrum lögum.

Um 27. gr.

Hér er gert ráð fyrir því skilyrði fyrir styrkveitingu að land það, sem ætlað er til skógræktar, sé a.m.k. 3 ha að stærð og sé auk þess vel fallið til skógræktar að mati viðkomandi starfsmanns Skógræktar ríkisins og skógræktarstjóra.

Um 28. gr.

Grein þessi hefur að geyma fyrirmæli um hvaða framkvæmdir er heimilt að styrkja.

Um 29. gr.

Efni greinarinnar er hliðstætt 6. gr. l. nr. 22/1966. Þó er gert ráð fyrir verulega hærri styrk til trjáplöntukaupa en skv. núgildandi ákvæði.

Um 30. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

VII. KAFLI

Um sölu og skiptingu skógarjarða og skóglendis.

Um 31. gr.

Í þessari grein felst það nýmæli að bannað er að selja skógarjarðir án vitundar Skógræktar ríkisins. Eigandi skógarjarðar, sem hyggst selja jörð sína, verður því að bjóða Skógrækt ríkisins hana til kaups með þeim hætti er greinir í 32. gr. jarðalaga nr. 65/1976, sbr. l. nr. 90/1984, næst á eftir sveitarstjórn þess sveitarfélags þar sem eignin er, sbr. 30. gr. jarðalaga.

Um 32. gr.

Greinin er nýmæli og leggur bann við skiptingu skóglendis eða að það sé tekið undir mannvirki án leyfis ráðherra.

VIII. KAFLI

Um Skógræktarfélag Íslands.

Um 33. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 34. gr.

Greinin er samhljóða núgildandi lögum.

Um 35. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 36. gr.

Hinn 8. mars 1985 skipaði forsætisráðherra nefnd til þess að stuðla að þjóðarátaki í trjárækt í þéttbýli og dreifbýli. Nefndin komst m.a. að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að ráða starfsmann til að vinna að leiðbeiningum og kynningarstarfi í trjárækt og skógrækt. Nefndin sótti um fjárveitingu í þessu skyni á fjárlögum þessa árs. Erindi nefndarinnar var ekki sinnt.

Á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands í september 1986 var samþykkt tillaga þess efnis að brýnt væri að ráðinn yrði erindreki fyrir félagið og gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði laun hans og ferðakostnað á sama hátt og greitt er vegna ráðunauta búnaðarsambanda.

Nefnd sú, sem skipuð var 8. mars 1985, telur að með því að verða við samþykkt aðalfundar Skógræktarfélags Íslands sé fenginn sá starfsmaður sem nefndin vildi fá til starfa.

Gert er ráð fyrir að aðalverkefni slíks ráðunautar verði fólgin í daglegum og félagslegum leiðbeiningum. Hinum sérfróða manni verður ætlað að ferðast um landið milli aðildarféлага (sveitarféлага) og leiðbeina um framkvæmdir við trjá- og skógrækt, svo sem við hirðingu á eldri reitum, val á ákjósanlegu ræktunarsvæði og plöntum, aðferðir við gróðursetningu, skipulag trjáræktarsvæða, vernd upprunalegra skóglenda og einstakra trjáa, námskeiðahald, eflingu félagslífs, útgáfustarf og leiðbeiningar í ræðu og riti, könnun á möguleikum á samvinnu skógræktarféлага við aðra aðila, almennt áróðursstarf fyrir gildi trjá- og skógræktar og samstarf við fjölmiðla í því efni.

Þá gerir 2. mgr. 36. gr. frumvarpsins ráð fyrir því nýmæli að ráðherra kveði nánar á um framkvæmd laganna með reglugerð.

IX. KAFLI

Um sektir, málsmeðferð o.fl.

Kaflinn skýrir sig sjálfur.